

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu  
málþings í tilefni af 50 ára afmæli Lagastofnunar. Haldið í Hátíðasal  
miðvikudaginn 9. október 2024 kl. 15.**

Fundarstjóri, framsögumenn, forseti Hæstaréttar, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessa málþings sem haldið er í tilefni af 50 ára afmæli Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Saga kennslu og rannsókna í lögfræði við Háskóla Íslands er bæði löng og merk, en eins og kunnugt er var Lagadeild ein af fjórum deildum Háskóla Íslands þegar skólinn var stofnaður árið 1911, en hinar deildirnar voru Guðfræðideild, Læknadeild og Heimspekideild. Raunar átti Lagadeildin sér heldur lengri sögu því hin nýstofnaða deild byggði að stofni til á Lagaskólanum sem starfræktur hafði verið frá árinu 1908. Mikilvægur áfangi í sögu Lagadeildar var stofnun Lagastofnunar sem tók til starfa árið 1974 eftir alllangan undirbúning. Í fyrstu stjórn stofnunarinnar sátu prófessorarnir Gaukur Jörundsson, Lúðvík Ingvarsson, Sigurður Líndal og Þór Vilhjálmsson, en stjórn Orators, félags laganema, tilnefndi Svein Sveinsson í stjórnina. Kaus stjórnin Þór Vilhjálmsson sem sinn fyrsta forstöðumann.

Lagastofnun er vísindaleg rannsóknastofnun og felst meginhlutverk hennar í rannsóknum og fræðilegri útgáfu þeim tengdum. Stofnunin hefur á undanfarinni hálfri öld sinnt margvíslegum öðrum verkefnum og tekur hún m.a. að sér þjónustuverkefni í formi skýrslna og álitsgerða og stendur fyrir námskeiðum, ráðstefnum og málþingum á sviði lögfræði. Innan vébanda stofnunarinnar eru starfræktar rannsóknastofur á einstökum sviðum lögfræðinnar og stofnunin starfar náið með fræðimönnum Lagadeildar og öðrum rannsóknastofnunum innan og utan Háskóla Íslands.

Góðir gestir. Yfirskrift þessa afmælimálþings er “Íslensk forysta alþjóðadómstóla: Reynsla, áskoranir og framtíðarsýn”. Titill málþingsins segir meira en mörg orð um þá öfluggu starfsemi sem fram fer á vettvangi Lagadeildar og Lagastofnunar og þá virðingu og það mikla traust sem lögfræðin í Háskóla Íslands nýtur jafnt innan lands sem utan. Því fer fjarri að það sé sjálfsagður hlutur að frá Íslandi hafi valist lögfræðingar til forystu hjá svo stórum og virtum alþjóðlegum dómstólum sem EFTA-dómstólum, Mannréttindadómstól Evrópu og Alþjóðlega hafréttardóminum. Það verður spennandi að hlýða á dómforsetanna þrjá miðla af reynslu sinni í gegnum árin og ræða framtíðarsýn og þær áskoranir sem alþjóðlegir dómstólar standa frammi fyrir í bráð og lengd.

Kæru málþingsgestir. Ég vil ljúka máli mínu á að þakka þeim sem að undirbúningi þessa málþings hafa komið og óska Lagastofnun Háskóla Íslands til hamingju með 50 ára afmælið. Megi lögfræðin við Háskóla Íslands um ókominn tíma vera áfram sú kjölfesta sem hún hefur verið undanfarin 113 ár.